

Í Ölduselsskóla hefur verið unnið eftir Uppbyggingastefnunni frá árinu 2017. Uppbygging kemur úr smiðju Diane Gossin og rekur uppruna sinn til Kanada. Stefnan leggur skólum til leiðir til þess að vinna með og þjálfa góð samskipti. Börn eru í eðli sínu góð og vilja haga sér vel. Hins vegar hafa þau ekki forsendur til meta hvaða áhrif hegðun þeirra getur haft á öðra. Lögð er áhersla á að nemendur læri **sjálfstjórn** og að bera **ábyrgð** á eigin orðum og gerðum. Nemendur læra að það sé í lagi og eðlilegt að gera mistök. Allir þurfa þó að fá tækifæri til að leiðrétta mistök sín og læra af þeim.

Sjö gundvallaratriði varðandi kennslu í sjálfsaga

1. Allir gera mistök
2. Við vitum þegar við gerum rangt
3. Skammir og gagnrýni ýta undir að fólk fari í varnarstöðu
4. Fólk getur lært betri leiðir
5. Þegar börn fá að vaxa af því að bæta fyrir mistök sín reyna þau ekki að ljúga eða fela mistökin.
6. Að læra sjálfsaga er skapandi ferli
7. Þeir sem fá að byggja sig upp og bæta fyrir verða umburðarlyndari gagnvart öðrum.

Uppbyggingarstefnan miðar að því að finna leiðir til lausnar á ágreiningsmálum, að við stjórnunumst af innri hvötum frekar en ytri, að skoða hvernig manneskjur við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að verða sú manneskja. Áhersla er lögð á öryggi og jákvætt andrúmsloft þar sem ásakanir og tuð skila okkur ekki árangri.

Grunnþarfirnar eru undirstöðupáttur í uppbyggingu. Það að þekkja þarfir sínar er grundvöllur þess að maður skilji hegðun sína og geti breytt henni til betri vegar.

Tilheyrta



Jákvætt

ást, samkennd
vinátta, nánd
hjálpsemi,
vera viðkenndur,
tilheyrta hópi

Neikvætt

vináttukaup,
áhrifagirni,
meðvirkni,
öfund,
smjaður

Áhrif



Jákvætt

metnaður,
skipulag, sjálfsagi,
frumkvæði,
sjálfsöryggi,
samviskusemi,
vera best(ur)

Neikvætt

frekja, mont,
fýlustjórn,
þrjóska, átröskun

Frelsi



Jákvætt

frumleiki,
sveigjanleiki,
sköpun, sjálfstæði,
forvitni,
opið viðmót

Neikvætt

skröp, kæruleysi,
óstundvísí,
tillitsleysi

Gleði



Jákvætt


jákvæðni,
skopskyn,
þakklæti, kæti,
námsgleði

Neikvætt

uppgjöf, stríðni,
áreitni, háð,
fíflangangur, læti,
vera fyndin(n) á
kostnað annarra

Öll hegðun stafar af því að við erum að reyna að mæta einhverri af þörfunum. Þær eru missterkar hjá fólki, sem m.a. gerir það að verkum að við erum ólík. Nemendum er kennt að þekkja grunnþarfir sínar: **öryggi**, **umhyggju**, **frelsi**, **gleði** og að hafa **áhrif**. Þeir læra hvernig hægt er að uppfylla þarfirnar á jákvæðan hátt án þess að troða á þörfum annarra.

Þörfin fyrir **öryggi** er mikilvægust ef ójafnvægi er á þörfinni þá líður viðkomandi illa og erfitt er að ná árangri í vinnu og samskiptum. Öryggisþörfin er táknuð með húsi og í henni felst meðal annars; húsnæði, fæði, heilsa, svefn, kynvitund, hreyfing og afkoma. Öryggisþörfinni er aðallega sinnt heima en skólinn leggur mikla áherslu á að skapa öryggi hjá nemendum og starfsfólki.



Til þess að allir séu öruggir og líði vel setur skólinn sér skýr mörk. Skýr mörk eru skýr viðmið varðandi óásættanlega hegðun. Sjá glærur – hegðun, agaferlar.

Hlutverk nemenda og kennara í skólavinnunni eru einnig skilgreind, það er gert á vinnufundum í bekkjum. Niðurstaðan er höfð sýnileg og þá er hægt að vísa til hennar síðar.

Mitt og þitt hlutverk milli kennara og nemenda, dæmi;

Hlutverk kennara	Hlutverk nemenda
<ul style="list-style-type: none"> • mæta á réttum tíma • vera undirbúinn • aðstoða og útskýra • sýna þolinmæði • tala við foreldra 	<ul style="list-style-type: none"> • læra • fara að fyrirætlum • sýna kurteisi • rétta upp hönd þegar mig vantar aðstoð • gera mitt besta • koma undirbúin(n)
Hlutverk kennara er ekki að	Hlutverk nemenda er ekki að
<ul style="list-style-type: none"> • skamma • taka til eftir nemendur • taka við móðgunum 	<ul style="list-style-type: none"> • kvarta • skemma • dæma

Allir nemendur taka þátt í gerð **bekkjarsáttmála**. Nemendur og kennarar finna þau gildi sem þeim finnst mestu máli skipta svo að öllum líði vel. Þannig er áherslan færð frá ytri reglustjórnun í átt að uppbyggingarstjórn með áætlum sem byggð er á gildismati.


Tenglar á þetta

Heimasíða Uppbyggingarstefnunnar <https://uppbygging.is/>

Grein um Uppbyggingu á Netlu <http://netla.hi.is/greinar/2007/003/index.htm>

Hegðun

Agaferill



Vinnuferli

Agiferill

1. stig

1. Umsjónarkennari skráir atvikið og setur í persónumöppu nemandans. Býður nemanda að lagfæra hegðun sína – fara Leið 1
Nemandi sýnir áfram óásættanlega hegðun
2. Umsjónarkennari hringir eða sendir foreldrum tölvupóst.
Nemandi sýnir óásættanlega hegðun í 3ja sinn
3. Umsjónarkennari boðar foreldra og nemanda á fund þar sem gerður er sáttmáli um bættu hegðun. Niðurstaða fundar er skráð og sett í persónumöppu
Ef hegðun lagast ekki er farið eftir ferli á stigi 2.

1. Nemanda vísað til skólastjórnanda sem hefur samband við foreldra. Nemandi mætir ekki aftur í tíma fyrir en að afloknum fundi með foreldrum. Máli er vísað til nemendaverndarráðs sem skoðar möguleg úrræði fyrir nemanda.

Möguleg úrræði:
Þjónustumiðstöð Breiðholts,
Skóla- og frístundasvið, Barnavernd

2. stig

1. Umsjónarkennari býður nemanda að lagfæra hegðun sína – fara Leið 1.
Nemandi hefur hafnað boði um leið 1 eða brotið samkomulag
2. Nemandi er sendur til stjórnanda sem ræðir við nemanda. Nemandi fær að fara aftur inn í kennslustund. Stjórnandi skráir á Mentor og í persónumöppu.
Búið að senda til stjórnanda í 2 skipti
3. Þriðja skipti sem nemandi er sendur til stjórnanda fær nemandi ekki að fara aftur inn í kennslustund þennan sama dag. Stjórnandi kallar foreldra á fund ásamt umsjónarkennurum þar sem gerður er sáttmáli.
Máli nemandans vísað til nemendaverndarráðs.

3. stig